235. fundur Menningarnefndar Snæfellsbæjar

16. september 2026 - Hellisandur

Fundur settur kl. 17:30

Fyrsti fundur menningarnefndar og á hann eru mættir:

Aðalmenn: Karítas , Jóhannes og Margrét
Varamenn: Rebekka, Guðjón, Sólrún, Lilja
Ásamt markaðs og upplýsingafulltrúa Snæfellsbæjar: Heimir Berg

Kosinn var ritari nefndar: Margrét Elfa

Umræðuefni fundar:

- Allir sem mættir voru kynntu sig lítillega
- Ákveðið að bíða með að kjósa varaformann vegna fjarveru aðalmanna nefndarinnar.
- Erindisbréfi menningarnefndar var dreift á alla
- Heimir sýnir glærukynningu og kynnir fyrri viðburði menningarnefndar - umræður í kringum það
- Hugmyndir: m.a endurvekja spurningakeppni fyrirtækjanna. Jólagluggi - dagatal íbúa. Gera frístundar bækling um íþrótta og félagsstarf sem í boði er í sveitarfélaginu.
- Menningarstefna? Er það eitthvað sem sveitarfélagið ætti að hafa í huga (menningarnefnd að vinna þá að?)
- Að auka sýnileika menningarviðburða

Ákveðinn var fastur dagur í mánuði fyrir nefndina að funda.
Síðasti fimmtudagur í mánuði kl. 17:00
Lagt var upp með að velja frumlega fundarstaði.

Fundi slitið klukkan 18:50